

105. Ársþing UMSS haldið í Húsi frítímans 30. apríl 2025 kl. 17:00.

1. Gunnar Þór Gestsson formaður UMSS bauð gesti velkomna. Sagði frá breytingum sem höfðu átt sér stað frá síðasta þingi og nefndi þar sérstaklega ný störf svæðisfulltrúa. Sagði frá tillögum sem liggja fyrir þingið, sérstaklega breytingar á Lottóreglugerð. Sagði einnig frá samtali um breytt fyrirkomulag Unglingalandsmóta. Flutti ávarp formanns og setti þingið. Tilnefndi Guðlaug Skúlason, UMF Tindastóls, sem þingforseta. Garðar Svansson fulltrúi ÍSÍ var þingforseta innan handar. Formaður lagði fram tillögu um ritara (Þorvald Gröndal).
2. Lögð fram tillaga um að kjörbréfanefnd skipi (Elvar Einarsson, Jón Kolbein Jónsson og Margrét Berglind Einarsdóttir).
3. Ritari stjórnar UMSS flutti skýrslu stjórnar.
4. Framkvæmdastjóri UMSS, fór yfir ársreikninga ársins 2024.
 - a. Hagnaður ársins var tæpar 1,4 milljón kr.
 - b. Lottógreiðslur lækkuðu um sem nemur kr. 4,2 milli ára.
5. Formaður kjörbréfanefndar fór yfir kjörbréf og mætingu. Formaður las upp fulltrúa sem búnir voru að boða mætingu og bað þá um að staðfesta mætingu. 65 áttu rétt á þingsetu en 50 fulltrúar voru mættir.
 - a. UMFT = 15 (15)
 - b. Neisti = 7 (7)
 - c. Hjalti = 6 (3)
 - d. UMF Smári= 8 (8)
 - e. Hestamannafélagið Skagfirðingur = 8 (7)
 - f. Golfklúbbur Skagafjarðar = 6 (3)
 - g. Bílklúbbur Skagafjarðar = 3 (3)
 - h. Siglingaklúbburinn Drangey = 3 (0)
 - i. Vélahjólaklúbbur Skagafjarðar = 3 (0)
 - j. Pílukastfélag Skagafjarðar = 3 (3)
 - k. Gróska = 3 (1)
6. Þingforseti gaf orðið laust um skýrslu stjórnar og ársreikninga. Umræður um stöðu frjálsípróttaráðs. Fyrirspurn um styrk sveitarfélagsins til UMSS. Umræður um breytingar á úthlutun Lottógreiðslna. Ársreikningar bornir upp til samþykktar. Samþykktir samhljóða. Enginn á móti.
7. Ávarp gesta.
 - a. Halldór Lárusson starfsmaður svæðisskrifstofa UMFÍ og ÍSÍ sagði frá nýjum reglum um úthlutun Lottó. Kynnti starfsemi skrifstofanna, sagði frá fjármögnun, hlutverki og hvert markmið skrifstofa skal vera.

- b. Garðar Svansson, framkvæmdastjórn ÍSÍ, tók til máls og flutti kveðjur forseta ÍSÍ og annara starfsmanna ÍSÍ. Fór yfir mál sem eru til umræðu innan ÍSÍ og verða tekin fyrir á komandi þingi ÍSÍ.
- c. Gunnar Þór Gestsson, varaformaður UMFÍ, bar þingi kveðjur formanns UMFÍ og framkvæmdastjóra. Gunnar hvatti gesti til þess að taka þátt í viðburðum á vegum UMFÍ á árinu. Gunnar veitti eftirfarandi aðilum starfsmerki UMFÍ:
 - i. Sigríður Fjóra Viktorsdóttir
 - ii. Dagbjört Rós HermundsdóttirGunnar veitti eftirfarandi aðila gullmerki UMFÍ:
 - iii. Guðmundur Sveinsson
- d. Þorvaldur Gröndal, Leiðtogi frístunda- og íþróttamála Skagafjarðar, kynnti vinnu sem verið hefur í gangi um framtíð íþróttamála innan Skagafjarðar.

8. Matarhlé

9. Þingforseti fór yfir þingtillögur og lagði til að hvert tillögurnar yrðu teknar fyrir.

- a. Aldís Hilmarsdóttir laga- og íþróttanefnd
- b. Magnús Barðdal fjárhagsnefnd

10. Nefndir tóku til starfa

11. Formaður laga- og íþróttanefndar tók til máls og fór yfir tillögur nefndarinnar.

- a. Þingskjal 4 lagt fram með áorðnum breytingum. Tillagan borin upp til atkvæða. Samþykkt samhljóða.

12. Formaður fjárhagsnefndar tók til máls og fór yfir tillögur nefndarinnar.

- a. Þingskjal 2, félagsgjöld UMSS, lagt fram með tillögu að hækkun úr kr. 600 í 900. Tillagan borin upp til atkvæða. Samþykkt samhljóða.
- b. Þingskjal 5, fjárhagsáætlun 2025, lagt fram með nokkrum efnislegum breytingum. Fjárhagsáætlun ársins 2025 lögð fram til samþykktar með 480.000 kr. afgangi. Samþykkt samhljóða.

13. Kosningar.

- a. Formaður: Gunnar Þór Gestsson til eins árs.
- b. Stjórn UMSS: Þorvaldur Gröndal til eins árs. Kolbrún Passaro og Þuríður Elín Þórðardóttir til tveggja ára.
- c. Varastjórn UMSS til eins árs: Indriði Grétarsson, Elvar Einarsson og Ragnheiður Lára Brynjólfssdóttir
- d. Skoðunarmenn reikninga: Jóhann Sigmarsson og Frímann Guðbrandsson.

14. Önnur mál:

- a. Ekkert rætt.

15. Formaður UMSS þakkaði starfsmönnum og fundarmönnum þingsins fyrir þeirra störf og sleit þingi kl. 21:18.